

Fundargerð

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **06.10.2020 Kl. 21:12**

Fundinn sátu: **Albert Ólafsson, Astrid Daxböck, Guðmundur Örn Guðjónsson. Haraldur Gústafsson sat fundinn með fjarfundabúnaði. Ásdís Lilja Hafþórsdóttir mætti ekki til fundar og tilkynnti ekki forföll.**

Fundargerð ritaði: **Guðmundur Örn Guðjónsson**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

1. Staða verkefna af fyrri fundum.

1.1. Öllum verkefnum lokið.

2. Tillaga um breytingar á reglugerð um erlend mót:

Engar stórvægilegar breytingar eru á reglugerðinni, í stuttu máli helstu breytingar: nokkrar orðalags breytingar, íþróttafólk þarf að óska eftir því að vera valið í landsliðshópa BFSÍ og heimild íþróttastjóra til þess að bæta við eða fjarlægja íþróttafólk úr landsliðshópum (s.s. bæta við til að fylla í lið, vegna hæfileikamótunar eða fjarlægja þá sem brjóta reglur s.s. siðareglur).

2.1. **Samþykkt einróma.**

2.2. **Formaður tekur að sér að uppfæra reglugerðina á vefsíðu sambandsins.**

3. Tillaga um áhersluverkefni BFSÍ og viðbótar fjárveitingu í afreksstarf:

Íþróttastjóri lagði fyrir stjórn grófa áætlun af áherslu landsliðsverkefnum BFSÍ árið 2022 ásamt áætlaða þátttöku og niðurgreiðslu þátttökukostnaðar keppenda eftir getustigi þeirra.

Áhersluverkefni BFSÍ séu EM innandyra (opinn flokkur og U21), EM utandyra (opinn flokkur, U21 og U18) og Ólympísk verkefni. Ekki er krafa að íþróttastjóri leggi fyrir stjórn áhersluverkefni BFSÍ þar sem skilgreining er fyrir þau verkefni er í afreksstefnu BFSÍ. En þar sem óskað var eftir frekari fjárveitingu til þess að lækka þátttökukostnað keppenda var það borið undir stjórn ásamt áætlun um í hvað það fjármagn færi.

3.1. **Samþykkt einróma.**

4. Íþróttafólk ársins 2021:

Formaður tjáir að nægileg tölfræði sé til staðar, þó að hún sé lítil vegna Covid, til þess að notast við tölfræði við val íþróttafólks ársins 2021 og ætti því ekki að þurfa að virkja ákvæði um „Ófyrirséð atvik“ í reglugerð um íþróttafólk ársins. Formaður óskaði þó eftir að stjórn tæki afstöðu til þess hvort að Íslandsmeistaramót innanhúss sem var frestað frá mars til nóvember vegna Covid falli undir núverandi tímabil 2021 eða næsta 2022 í tölfræði. Formaður hafði þegar reiknað út tölfræðilega stöðu íþróttafólks ársins og dró sig því frá við umræður/ákvörðun á málinu til að tryggja hlutaleysi í val ferli í anda reglugerðarinnar. Formaður hafði þegar fjarlæggt allar upplýsingar tengdri tölfræðilegri stöðu íþróttafólks úr sameiginlegri skjalageymslu BFSÍ. Til þess að tryggja hlutaleysi annarra stjórnarmanna við umræður og ákvörðun á málinu.

- 4.1. Afstaða stjórnar er einróma og að standa eigi við tímabil í reglugerðinni. Samkvæmt reglugerðinni er „tímabil til þess að ná árangri er 1. Nóvember til 31. Október hvert ár“ árangur eða niðurstaða/árangur kemur í ljós þegar móti er lokið en ekki þegar það hefst. Stjórn þykir reglugerðin vera skýr og standa eigi við tímabil í reglugerðinni.

5. Umræða um afreksmál og undirbúning umsóknar í Afrekssjóð ÍSÍ:

Íþróttastjóri kynnir áætlun fyrir skipulag afreksmála árið 2022. Áætlað er að sækja um meiri fjármagn í Afrekssjóð ÍSÍ en áður til að koma á móts við kostnað verkefna 2022.

5.1. Stjórn tekur vel í drögin

6. Almenn umræða og önnur mál

- 6.1. Gjaldkeri kynnti fjárhagsstöðu sambandsins í lok þriðja ársfjórðungs. Mikið af kostnaði BFSÍ er gerður upp við lok árs, lagt til að reyna að gera það reglubundnari uppgjör svo að auðveldara sé að fylgjast með raunstöðu fjármála jafnt yfir árið.
- 6.2. Haraldur ræðir um heimsþing WorldArchery og helstu ákvarðanir/umræður sem fóru fram þar.
- 6.3. Rætt um minni þátttöku á Íslandsmótum vegna Covid og mögulega lækkun þáttökugjalda 2022 til að stuðla að meiri þátttöku.
- 6.4. Umræða um næstu verkefni stjórnar.

Fundi slitið kl. **22:20**